

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 11. apríl 2024 í máli nr. 71/2023

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 25. júlí 2023 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili telur sig hafa greitt að fullu fyrir þjónustu varnaraðila og krefst þess að reikningur varnaraðila, dags. 2. desember 2022, verði felldur niður.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með bréfi, dags. 26. júlí 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Var boð um aðild ítrefkað með tölvupóstum 8. ágúst og 24. nóvember 2023. Þá var boð um aðild birt fyrir varnaraðila með stefnuvotti þann 11. janúar 2024. Andvör bárust ekki frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, umboð, afrit af skriflegum samskiptum milli aðila, afrit af reikningum varnaraðila, ýmis tölvupóstsamskipti milli eigenda fasteigna í húsinu að [...] og yfirlit varnaraðila yfir efniskostnað.

Með bréfi, dags. 10 apríl 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls má ráða að sóknaraðili óskaði fyrst eftir þjónustu varnaraðila við múrviðgerðir og útskiptingu á rennum á utanverðri fasteign sóknaraðila í júní 2021. Varnaraðili féllst á að taka umbeðið verk að sér og var það unnið í júlí og ágúst 2021. Í málinu liggur fyrir að það var fullgreitt af hálfu sóknaraðila með greiðslu á útgefnum reikningi varnaraðila, dags. 17. ágúst 2021, að fjárhæð 2.649.393 krónur.

Vorið 2022 óskaði sóknaraðili á ný eftir þjónustu varnaraðila við frekari múrviðgerðir á fasteigninni sem og við málun á svölum, skyggni og kanti við kjallara hennar. Féllst varnaraðili á að taka það verk að sér og að sögn sóknaraðila upplýsti varnaraðili munnlega að kostnaður við það verk yrði um 2.000.000 króna en hugsanlega minna en svo. Þann 2. maí 2022 millifærði sóknaraðili, að beiðni varnaraðila, inn á bankareikning hans 300.000 krónur vegna efniskaupa. Óskaði sóknaraðili tvívegis eftir upplýsingum frá varnaraðila í gegnum smáskilaboð um stöðu kostnaðar á verkinu á meðan á því stóð en svaraði varnaraðili ekki þeim fyrirspurnum. Þann 25. sama mánaðar gaf varnaraðili út reikning vegna verksins að fjárhæð 2.482.170 krónur með lýsingunni „Ýmis verk, vinna og efni“ og millifærði sóknaraðili alls 2.182.170 krónur inn á varnaraðila 31. sama mánaðar. Að sögn sóknaraðila taldi hann sig hafa þá fullgreitt varnaraðila fyrir síðara verkið.

Þann 9. nóvember 2022 barst sóknaraðila reikningur í tölvupósti frá varnaraðila að fjárhæð 596.036 krónur en tilgreint var að hann væri vegna efniskaupa

og aksturs varnaraðila í þágu sóknaraðila. Meðfylgjandi reikningnum var yfirlit varnaraðila yfir umrædd efniskaup, á tímabilinu 9. maí 2021 til 4. október 2022. Við yfirferð á yfirlitinu kom m.a. í ljós að hluti reikningsins var vegna efniskaupa vegna annars verks sem varnaraðili tók að sér fyrir einn íbúa fasteignarinnar í október 2022, alls 77.427 krónur. Með tölvupósti, dags. 10. nóvember 2022, óskaði sóknaraðili eftir því að varnaraðili myndi afturkalla reikninginn þar sem verkin bæði væru þegar fullgreidd. Felldi varnaraðili í kjölfarið niður reikninginn en sendi sóknaraðila nýjan reikning þann 2. desember 2022 að fjárhæð 273.398 krónur. Áttu aðilar í samskiptum í kjölfarið þar sem varnaraðili veitti sóknaraðila þær upplýsingar að felld hafi verið niður krafa vegna efniskaupa við fyrra verk varnaraðila í þágu sóknaraðila árið 2021 og væri nú krafist greiðslu vegna efniskaupa og aksturs vegna síðara verksins.

Sóknaraðili byggir á því að síðara verkið hafi verið fullgreitt með greiðslu reiknings, dags. 25. maí 2022, að fjárhæð 2.482.170 krónur. Krefst sóknaraðili því þess að reikningur varnaraðila, dags. 2. desember 2022, að fjárhæð 273.398 krónur verði felldur niður.

IV

Lagaumhverfi

Ákvæði 29. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) tekur til þeirra aðstæðna þegar seljandi þjónustu hefur látið neytanda verðáætlun í té en þá má verð fyrir þjónustuna ekki fara verulega fram úr þeirri áætlun. Við mat á því hvort verð hafi farið verulega fram úr áætlun ber, samkvæmt athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til þkpl., að líta til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur veitt neytanda um það hvort verðáætlun muni standast, tegund þjónustunnar og venju í þjónustugreininni. Ef seljandi hefur skýrt neytanda frá því að um lauslegt mat sé að ræða hefur það áhrif. Ef seljandi hefur látið í té verðáætlun sem er byggð á ákveðnum skilyrðum verða fyrirvara hans einnig lagðir til grundvallar.

V

Niðurstaða

Í málinu liggur fyrir að aðilar sömdu um þjónustu varnaraðila við tiltekna framkvæmdir á fasteigninni að [...] í [...]. Umrædd þjónusta fellur undir lög nr. 42/2000, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna.

Af gögnum máls verður hvorki ráðið að aðilar hafi samið fyrirfram um að hið umbeðna síðara verk yrði unnið samkvæmt tímagjaldi né hver heildartími verksins yrði. Sóknaraðili byggir hins vegar á því að varnaraðili hafi veitt honum þær upplýsingar í aðdraganda verksins að kostnaður vegna þess yrði um tvær milljónir og hugsanlega minna en það. Ekki verður ráðið af gögnum máls að varnaraðili hafi gert neina fyrirvara við verðáætlun sína. Engin skrifleg staðfesting er þó til staðar fyrir þeirri áætlun á kostnaði sem sóknaraðili segir varnaraðila hafa gefið upp.

Í málinu liggur fyrir að sóknaraðili greiddi varnaraðila alls 2.482.170 krónur vegna síðara verksins með tveimur millifærslum inn á reikning varnaraðila í maí 2022. Í lýsingu reiknings vegna síðara verksins kemur fram að hann sé vegna ýmissa verka, vinnu og efnis. Rúmum fimm mánuðum síðar eða 9. nóvember 2022 gaf varnaraðili út reikning á hendur sóknaraðila að fjárhæð 596.036 krónur vegna efniskaupa og aksturs. Mótmælti sóknaraðili reikningnum og felldi varnaraðili hann niður í kjölfarið en gaf síðan út nýjan reikning, dags. 2. desember 2022. Í honum var krafist greiðslu fyrir efni að fjárhæð 205.290 krónur og akstur að fjárhæð 15.192 krónur, auk

virðisaukaskatts, alls að fjárhæð 273.398 krónur og var hann vegna síðara verks varnaraðila í þágu sóknaraðila. Sóknaraðili telur sig hafa fullgreitt efniskostnað vegna síðara verksins með greiðslu að fjárhæð 300.000 krónur þann 2. maí 2022 en að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili óskað eftir þeirri greiðslu í aðdraganda verks til að unnt væri að kaupa efni til að hefja það.

Við úrlausn þessa máls verður að hafa í huga að varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá kæruneftndinni og hefur því hvorki komið á framfæri sjónarmiðum sínum né gögnum. Með hliðsjón af því leggur kæruneftndin til grundvallar frásögn sóknaraðila um að heildargreiðsla fyrir síðara verkið hafi átt að nema um 2.000.000 króna og verður þá byggt á því að um verðáætlun hafi verið ræða í skilningi 29. gr. þkpl. Lagt er til grundvallar að sóknaraðili hafi greitt varnaraðila 300.000 krónur fyrirfram vegna efniskaupa. Varnaraðili gaf síðan út reikning vegna verksins 25. maí 2022, að fjárhæð 2.482.170 krónur, og greiddi sóknaraðili eftirstöðvar hans 31. sama mánaðar. Taldi sóknaraðili sig þá hafa fullgreitt fyrir verkið, í samræmi við fyrri viðskipti aðila árinu á undan. Með útgáfu áður nefnds reiknings í desember 2022 var endanleg greiðslukrafa varnaraðila vegna verksins hins vegar 2.755.568 krónur. Liggur því fyrir að greiðslukrafa varnaraðila var því tæplega þriðjungur hærri en hámark verðáætlunar gerði ráð fyrir. Verður ekki annað séð en að greiðslukrafa varnaraðila hafi farið verulega fram úr áætluninni í skilningi 29. gr. þkpl.

Að öllu framangreindu virtu verður fallist á með sóknaraðila að hann hafi þegar greitt varnaraðila að fullu vegna þjónustu hans. Ber varnaraðila því að fella niður reikning, dags. 2. desember 2022, að fjárhæð 273.398 krónur.

VI Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að fella niður kröfu á hendur sóknaraðila, X, dags. 2. desember 2022, að fjárhæð 273.398 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 35.000 krónur, sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson